

Reykjalundur endurhæfing ehf.

49. fundur stjórnar 16. apríl 2024 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Fundarritari er Arna Harðardóttir.

Dagskrá

1. Fundargerðir nr, 46, 47 og 48 samþykktar og undirritaðar
2. Forstjóri fór yfir stjórnskipulagbreytingar sem tóku gildi 1. mars s.l.. Helsta breytingin er að staða framkvæmdastjóra rekstrar er lögð niður og tvær nýjar stöður verða til sem heyra beint undir forstjóra. Það eru stöður forstöðumanns upplýsinga- og velferðartækni og staða fjármálastjóra. Einnig heyrir staða umsjónarmanns fasteigna beint undir forstjóra. Ráðningarkerfi vegna þessara starfa er um það bil lokið.
3. Samskipti við Heilbrigðisráðuneytið vegna aukinnar þjónustu vegna offitusjúkdóma. Stefnt að því að skila inn tillögum til Heilbrigðisráðuneytis um tilraunaverkefni til tveggja ára á þessu sviði sem nær til 120 einstaklinga.
4. Samningamál Sjúkratrygginga Íslands og SÍBS. SÍ samþykkti fyrir 1. mars að þjónustusamningurinn færist á kennitölu RLE. Samningurinn var um leið framlengdur til næstu áramóta. SÍBS hefur tilkynnt SÍ að endurmat verði gert á eignum Reykjalundar hef og telur stjórn að leita verði tilboða í slíkt mat.
5. Staða húsnæðismála. Unnið með vinnuhópi heilbrigðisráðuneytis um endurbætur húsnæðis Reykjalundar. Ýmis viðhaldverk eru á húsnæðinu s.s. vinna í bættri loftræstingu í Mosfelli og Kistufelli. Einnig verið að leita tilboða í færanlegar skrifstofueiningar.
6. Starfsmannamál rædd.
7. Mál Múlalundar rædd.
8. Önnur mál.

Sigurður Helgason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands og Marta Guðjónsdóttir, rannsóknarstjóri á Reykjalundi verða með erindi á aðalfundi Reykjalundar ehf í júní.

Fundi slitið kl 9:50

Næsti fundur stjórnar: 14.maí, kl 8:15 – 09:45.

Anna Stefánsdóttir
Aldís Stefánsd.
Gunnar Ármannsson
Arna Harðardóttir